


Umhverfisnefnd Alþingis
b/t nefndasviðs
Skrifstofa Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2004.

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 131. löggjafarþing, þskj. 16 – 16. mál.

Samorka veitir eftirfarandi umsögn um framangreinda þingsályktunartillögu: Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er áætlun um nýtingu náttúruauðlinda til orkuframleiðslu. Samorka telur það fyllilega í samræmi við tilgang slíkrar áætlunar að hún sé á forræði þess ráðherra sem fer með orkumál. Vakin er athygli á því að forræði ráðherra orkumála yfir rammaáætlun fram til þessa hafi ekki hindrað aðkomu umhverfisráðherra að gerð hennar og ekki séu líkur á slíkum hindrunum í síðari áföngum. Samorka minnir á að rammaáætlunin lýtur að nýtingu vatnsafls og jarðvarma og telur að með samþykkt fyrirliggjandi þingsályktunartillögu væri verið að breyta áherslum og vægi áætlunarinnar. Almennt séð verður að telja að ákvörðun um slíkar rammaáætlunir, svo sem um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, eigi frekar heima innan stjórnisýslunnar frekar en í lögum enda beinlínis vísað til þess að um áætlun er að ræða. Þessi skoðun Samorku samræmist þeim breytingum sem gerðar hafa verið á undanförunum árum varðandi leyfisveitingar til raforkuvinnslu, sbr. t.d. II. kafli laga nr. 65/2003. Samþykkt fyrirliggjandi þingsályktunartillögu gengi þannig þvert gegn nýlegri réttarþróun og leggst Samorka því gegn samþykkt þessa þingsmáls.

Með bestu kveðju



Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri